

Nd.

318. Breytingartillögur

við frnmv. til laga um atkvæðagreiðslur utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Flutningsm.: Þorleifur Jónsson.

1. Við 2. gr.

a. Fyrir »raufalínum« á tveim stöðum í fyrstu málsgr. kómi: riflínunum.

b. Feitletruðu orðin »Fyrirmynd . . . kjörseðli« í annari málsgr. falli burt.

2. Við 4. gr. Eftir 3. málsgrein kómi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Nú ónýttist kjörseðill hjá kjósanda, og má hann fá annan kjörseðil í stað hins. Ónýta seðilinn ásamt fylgibrjefinu skal láta í umslag eins og hina gildu seðla, en á umslagið skal skrá, að í því liggi ónýtur atkvæðaseðill, og skal kjósandinn undirrita þá yfirlýsingu. Umslagið sendist til undirkjörstjórna ásamt hinum gildu atkvæðum. Gera skal og athugasemd á stofninn um, að kjörseðillinn hafi ónýst.

3. Við 6. gr.

a. Fyrsta málsgrein orðist þannig:

Þegar á kjörfund kemur, athugar kjörstjórnin, hvort innsigli atkvæðakassans sjeu heil og ósködduð, opnar síðan kassann og tekur úr honum umslögin og varðveitir þau á meðan atkvæðagreiðsla fer fram. Að atkvæðagreiðslu lokinni opnar kjörstjórnin umslögin, athugar fylgibrjefin, ber saman tölusetningu þeirra og umslaganna og rannsakar, hvort sá, er brjefið er frá, stendur á kjörskrá, og ef svo er, hvort hann hefir greitt atkvæði á kjörstað. Ef svo reynist, að sá, sem brjefið er frá, standi á kjörskrá og hafi eigi greitt atkvæði á kjörstað, setja meðkjörstjórar merki við nafn kjósandans á eftirritið af kjörskránni. Kómi fram umslag með ónýtum seðli, skal kjörstjórnin athuga fylgibrjefið og leggja það ásamt kjörseðlinum í umslag undir ógilda seðla, sem hún sendir til yfirkjörstjórnar.

b. Við 3. málsgr. Orðin »um leið . . . byrjar« falli burt.

4. Við 9. gr. Orðin »Heimilt er þó . . . ónýta hann« falli burt.